

Ed.

620. Nefndarálit

um frv. til laga um stimpilgjald.

Frá fjárhagsnefnd.

Aðalbreytingarnar frá núgildandi stimpilgjaldslögum eru þær, að 1% gjaldið af útfluttum vörum er ekki tekið upp í þetta frumvarp, en aftur er sjerstakt frv. um 1% útflutningsgjald á leiðinni í þinginu.

Að öðru leyti er nú stimpilgjaldið lagt á ýmislegt fleira en áður, og mun allmikið sniðið eftir dönsku stimpilgjaldslögunum. Þetta mál og tvö önnur af aðalskattafrumvörpum stjórnarinnar eru nú nýlega komin til nefndarinnar, og hefir verið mjög lítill tími til að athuga þau, sjerstaklega þar sem annriki hefir verið óvenju mikið, eins og jafnan er í Ed. síðustu daga þingsins. Eru því engin tók að láta ítarleg nefndarálit fylgja málunum.

Nefndin leggur til, að þetta frumvarp verði samþykkt með breytingum þeim, sem fara hjer á eftir, og verður gerð grein fyrir breytingunum í framsögunni.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 5. gr.
5. liður orðist svo:
Vixlar, ef samþykki eða greiðsla fer fram hjer, og ávísanir, ef samþyktar eru.
2. Við 17. gr.
Fyrir orðin »til sönnunar eignarheimild« í 4. málsg. komi:
notuð sem afsöl.
3. Við 35. gr.
a. Fyrsti málsliður orðist svo:
Vixlar og samþyktar ávísanir, nema tjekkar, stimplast eins og hjer segir.

- b. Orðin »Tjekkávisanir« í 3. málsgrein til enda málsgreinarinnar falli burt.
4. Við 36. gr.
Fyrir orðin »Nú hljóðar víxill eða ávisun« komi:
Nú hljóðar víxill eða samþykkt ávisun.
5. Við 37. gr.
2. málsgrein orðist svo:
Framsöl á víxlum og samþykktum ávisunum eru eigi stimpilskyld.
6. Við 38. gr.
a. Orðin í 1. málsgrein »Lögjaldskvittanir ...« til enda málsgr. falli burt.
b. Orðin í 2. málsgrein »Endurnýjunarkvittanir ...« til enda málsgr. falli burt.
c. Orðin í 3. málsgrein »Endurnýjunarkvittanir ...« til enda málsgr. falli burt.
d. 2. málslíður 5. málsgr. falli burt.
7. Við 41. gr.
a. r-liðurinn falli burt.
b. x-liðurinn falli burt.

Alþingi, 16. maí 1921.

Sig. Eggerz,
formaður.

Guðm. Ólafsson,
fundaskrifari.

Björn Kristjánsson.

Sigurjón Friðjónsson,
með fyrirvara.

Guðjón Guðlaugsson.